

## Minnisblað - 8. apríl 1997/AE

**Frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins**

## 30. gr.

Einstökum ráðherrum er heimilt að gera samninga um rekstrarverkefni við ríkisstofnanir sem heyra undir ráðuneytið og hafa sinnt verkefninu enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum. Í samningi um rekstrarverkefni samkvæmt þessari grein skal m.a. skilgreina magn og gæði veittrar þjónustu.

Einstökum ráðherrum er jafnframt heimilt að gera þjónustusamninga um rekstrarverkefni við aðra aðila en sinnt hafa verkefninu og um gerð slíkra samninga fer þá eftir lögum um þjónustusamninga.

Ríkisstofnunum í A-hluta er heimilt án atbeina ráðherra að gera verksamninga um afmörkuð rekstrarverkefni, enda sé ekki um að ræða starfsemi sem felur í sér vald til að taka ákvarðanir er lúta að réttindum og skyldum manna og kostnaðar við verkefnið sé ekki umtalsverður hluti heildarútgjalda stofnunar.

**Frumvarp til laga um þjónustusamninga**

## 1. gr.

Þjónustusamningur er samningur um rekstrarverkefni milli ráðuneytis annars vegar og sveitarfélaga, einkaaðila eða ríkisstofnana hins vegar.

Með rekstrarverkefni er átt við afmarkaða rekstrarþætti (eða rekstur ríkisstofnunar í heild sinni) vegna viðfangsefna eða þjónustu sem ýmist er kveðið á um í lögum að ríkið skuli veita eða eru liðir í því að ríkisaðili geti rækt hlutverk sitt.

## 2. gr

Leggja skal fram á Alþingi áætlun ríkisstjórnar um áformaða þjónustusamninga skv. 1. gr. til fjögurra ára. Í áætluninni skal m.a. koma fram rök, markmið og ávinningur ríkisins af áformuðum samningum. Áætlunin skal endurskoðuð árlega í tengslum við frumvarp til fjárlaga.

Einstökum ráðherrum er heimilt með samþykki fjármálaráðherra að gera þjónustusamninga um rekstrarverkefni sem heyra undir ráðuneytið til lengri tíma en eins árs, enda sé gert ráð fyrir því í áætlun ríkisstjórnar skv. 1 mgr.

### 3. gr.

Einkaaðila verður ekki með samningi skv. 1. og 2. gr. falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um réttindi eða skyldur manna, nema sérstök heimild sé til þess í lögum. Séu slíkir samningar gerðir skulu ákvæði stjórnarsýslulaga og upplýsingalaga sem og almennar meginreglur stjórnarsýsluréttar gilda um þá stjórnarsýslu sem verktaki tekur að sér að annast. Með sama hætti skulu ákvæði laga um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál gilda um verktaka og upplýsingaskyldu hans.

Verktaki og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu og skulu um hana gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og skal brot á þagnarskyldu varða refsingu skv. 136 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### 4. gr.

Í þjónustusamningi um rekstrarverkefni skal m.a. skilgreina magn og gæði þeirrar þjónustu sem ríkissjóður kaupir, lengd samningstíma, greiðslur úr ríkissjóði, eftirlit með þjónustu og meðferð ágreiningsmála.

Þeirri meginreglu skal fylgt að bjóða út rekstrarverkefni og skal við framkvæmd útboðs og val á bjóðendum fara eftir lögum um opinber innkaup.

Samningstími skal lengstur vera sex ár í senn en þó er heimilt að semja til lengri tíma ef verkkaupi gerir kröfu um að verksali byggji upp kostnaðarsama aðstöðu eða búnað vegna verkefnisins. Uppsagnarfrestur samnings skal stystur vera þrjú mánuðir og lengstur átján mánuðir.

Ríkisendurskoðun endurskoðar þjónustusamninga í samræmi við lög um Ríkisendurskoðun.

### 5. gr.

Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um undirbúning, gerð og eftirlit með þjónustusamningum og um þær almennu kröfur sem gera skal til samningsaðila svo sem um fjárhagslegt bolmagn, faglega þekkingu,

aðstöðu og framkvæmd sem tryggja gæði verkefnisins. Ákvæði þessara laga og reglna settri samkvæmt þeim skulu gilda með sama hætti um samninga um rekstraverkefni sem gerðir eru samkvæmt heimild í öðrum lögum nema ríkari kröfur séu gerðar til samninganna í viðkomandi sérögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Fyrir 1. september 1997 skal endurskoða samninga um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs sem ríkissjóður greiðir og ekki fullnægja skilyrðum laga þessara.